



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

616. fundur stjórnar SSH
var haldinn í fjarfundi, mánudaginn 20. október 2025
og hófst hann kl. 13:00.

Fundinn sátu:

Almar Guðmundsson, Ásdís Kristjánsdóttir, Líf Magneudóttir, Regína Ásvaldsdóttir, Þór Sigurgeirsson, Hildigunnur Hafsteinsdóttir lögfræðingur SSH og Páll Björgvin Guðmundsson framkvæmdastjóri SSH.

Fundargerð ritaði: Hildigunnur Hafsteinsdóttir, lögfræðingur SSH

Ásdís Kristjánsdóttir varaformaður stjórnar setti fund og gengið var til dagskrár.

Dagskrá:

1. Aðalfundur SSH 2025 - 2509001

Fyrirliggjandi til umræðu eru tillögur að dagskrá aðalfundar SSH 2025. Umræður.

Niðurstaða:

Framkvæmdastjóra er falið að vinna áfram að dagskrá aðalfundar til samræmis við umræður fundarins.

2. Farsældarráð höfuðborgarsvæðisins - 2502003

Fyrirliggjandi til kynningar eru erindisbréf ráðsmanna í farsældarráði höfuðborgarsvæðisins og samstarfsýfirlýsing þjónustuveitenda vegna ráðsins. Hanna Borg Jónsdóttir verkefnastjóri svæðisbundins farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins kynnir. Fyrirhugað er að formleg undirritun samninga vegna ráðsins fari fram á aðalfundi SSH.

Gestir

Hanna Borg Jónsdóttir verkefnastjóri farsældarráðs höfuðborgarsvæðisins

Niðurstaða:

Lagt fram til kynningar. Formleg undirritun fer fram á aðalfundi SSH.

3. Skíðasvæði höfuðborgarsvæðisins - 1501005

Umræður um áframhaldandi framkvæmdir á skíðasvæðunum. Fyrirliggjandi til umræðu er tillaga að sviðsmynd sem gerir ráð fyrir að hægt verði að hefja framkvæmdir í Skálafelli ásamt nauðsynlegum viðbótum við snjóframleiðslu í Bláfjöllum innan þess fjárhagsramma sem núverandi samningur aðildarsveitarfélaganna tekur til.

Niðurstaða:

Áætluðum framkvæmdakostnaði vegna ársins 2026 samkvæmt framlagðri sviðsmynd, sem rúmast innan gildandi fjárhagsáætlunar verkefnis um uppbyggingu á skíðasvæðunum, er vísað til fjárhagsáætlanagerðar sveitarfélaganna. Fyrirvari er um ráðstöfun hans þangað til endanlegt



Samtök sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu

samkomulag um frekari útfærslu og tilhögun sviðsmyndarinnar liggur fyrir.

Þá er verkefnahópi um framkvæmdir á skíðasvæðunum falið að halda vinnu er snýr að útfærslum sviðsmyndarinnar áfram og hún verði kynnt samstarfsnefnd skíðasvæðanna.

4. Önnur mál - 2110011

Umræður um meðferðarúrræði fyrir börn en komið hefur fram beiðni um að boða framkvæmdastjóra barna- og fjölskyldustofu og fulltrúa mennta- og barnamálaráðherra til að fara yfir þá stöðu mála sem uppi er á næsta fund stjórnar. Umræður.

Niðurstaða:

Framkvæmdastjóra er falið að bjóða ofangreindum aðilum á fund stjórnar til umræðu um stöðu meðferðarúrræða fyrir börn.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:00.